

Kirkjuþing 2020-2021

6. mál - þskj. 6

T I L L A G A

til þingsályktunar um frekari vinnu vegna stefnumótunar í samskipta, ímyndar- og kynningarmálum þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af biskupi Íslands.

Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir að vinnu vegna stefnumótunar í samskipta-, ímyndar- og markaðsmálum þjóðkirkjunnar verði haldið áfram með eftirfarandi hætti:

Kirkjuþing samþykkir að könnun verði framkvæmd til að safna upplýsingum um viðhorf þjóðarinnar til þjóðkirkjunnar. Í kjölfarið verði fenginn sérfræðingur í greiningarvinnu á þörfum landsmanna og starfsfólki kirkjunnar, svo þjónustan geti mætt betur þörfum og væntingum almennings og starfsfólks.

Kirkjuþing samþykkir að starfshópur um samskipta-, ímyndar- og kynningarmál þjóðkirkjunnar vinni að nýrri samskiptastefnu þjóðkirkjunnar og leiðbeiningum til sókna um samfélagsmiðla og sameiginlegt markaðsefni. Þá er samþykkt að stöðugildum á samskiptasviði verði hækkað úr 1,5 í 3.

Greinargerð.

Á kirkjuþingi 2019 var samþykkt þingsályktunar um undirbúning að stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna og á kirkjuþingi 2020-2021 var samþykkt að þeirri vinnu yrði haldið áfram. Dr. Bjarni Snæbjörn Jónsson hefur stýrt stefnumótunarvinnunni sem hófst með umfangsmiklum stefnumótunarfundi sem haldinn var 6. febrúar síðastliðinn. Alls tóku 96 fundargestir þátt en þar komu fram sjö forgangsmál skýrt fram. Þau eru eftirfarandi:

- 1) Efla og bæta æskulýðsstarf.
- 2) Endurskoða stjórnskipun kirkjunnar.
- 3) Efla til muna kynningarstarf.
- 4) Tryggja fjárhagslegt öryggi og gæta að ráðdeild.
- 5) Efla mannauð kirkjunnar.
- 6) Efla stuðning við einstaka þætti í starfsemi söfnuða.
- 7) Efla aðsókn að kirkjunni.

Á vormánuðum var settur saman starfshópur til að fjalla um samskipta-, ímyndar- og kynningarmál þjóðkirkjunnar. Hópurinn vann greinargerð sem fylgir máli þessu en tillagan byggir á hugmyndum starfshópsins.

Nauðsynlegt er að ráðast í aðgerðir til að greina stöðu samskipta-, ímyndar- og kynningarmála þjóðkirkjunnar, hvar þjóðkirkjan stendur og hvert viðhorf þjóðarinnar er til þjóðkirkjunnar. Mikilvægt er að þjónusta kirkjunnar samræmist væntingum þjóðarinnar. Lagt er til að utanaðkomandi aðili verði fenginn til að framkvæma viðhorfskönnun en í greinargerð hópsins sem er fylgiskjal málinu má finna tilboð Gallup til verksins.

Þegar slík könnun hefur verið framkvæmd er mikilvægt að unnið verði áfram með niðurstöðurnar og farið í greiningu á markhópum. Í greiningarvinnunni yrði skilgreint hvernig við ættum að tala við mismunandi hópa og áherslurnar skuli vera. Þegar greiningarvinnan liggur fyrir er hægt að útbúa tól sem gera kynningarmál kirkjunnar eins hagkvæm, markviss og árangursrík og auðið er. Þá er hægt að stuðla að meiri vidd í markaðsmálum og þjónustu og tala við breiðari hóp af fólki um fjölbreytt málefni.

Tilboð frá fyrirtækinu Numlock ehf. vegna slíkrar greiningarvinnu má einnig finna í greinargerð hópsins.

Leggja þarf áherslu á að styrkja miðla þjóðkirkjunnar og vera þannig í forystu fyrir söfnuði landsins þannig að þeir geti fengið aðstoð og leiðbeiningar með miðlægum hætti til þess að halda úti sínum miðlum. Í þeim tilgangi er lagt til að útbúin verði samskiptastefna. Í henni mætti t.d. tilgreina ákveðin atriði sem sóknir geta fylgt til að tryggja að skilaboðum sé komið á framfæri á réttan hátt og auðveldara er að huga að ímynd kirkjunnar. Samskiptastefnan tæki á því hvernig eigi að tala við fólk og hvaða leiðir er æskilegt að fara til þess að koma skilaboðum á framfæri. Hluti af samskiptastefnunni fæli í sér að vera með árlega fundi, samfélagsþing á vegum Biskupsstofu. Samskiptastefnan tæki á atriðum er varða bæði heimasíðu og samfélagsmiðla. Í henni yrðu upplýsingar um siðareglur samfélagsmiðla þjóðkirkjunnar og hvernig æskilegt er að haga sér á þeim. Til þess að hver og einn söfnuður geti átt farsælt starf á samfélagsmiðlum er mikilvægt að sett séu viðmið og leiðbeiningar um miðlana. Einnig er gott að setja niður reglur um að birtingar og hvernig er æskilegt að umgangast miðlana, hvað má birta, hvað má ekki birta og hvernig miðillinn er notaður. Dæmi um það er að setja fram hvað miðlar kirkjunnar mega líka við (e. like), hvort þeir eigi að fylgja einstökum miðlum (e. follow), og hvort þeir megi deila efni frá öðrum.

Mikilvægt er að stöðugildum innan samskiptamála Biskupsstofu verði fjölgað um 1,5 til þess að mæta auknum verkefnum í þessum málaflokki. Með fleiri

stöðugildum á samskiptasvið er hægt að halda betur utan um samfélagsmiðla þjóðkirkjunnar og aðstoða söfnuði við að halda uppi virkum miðlum. Þá gætu allir sem þess þurfa sótt námskeið eða kynningu á notkun samfélagsmiðla eða fengið annars konar aðstoð og/eða leiðbeiningar. Í dag skortir söfnuðum oft samræmingu og aðstoð til að nota hina ýmsu miðla.

Kostnaður við verkið er talinn nema kr. 21.941.754,- en sundurliðun kostnaðar má finna í kostnaðaráætlun með málinu.